



Reykjavík, 22. janúar 2015

Fyrirverandi innanríkisráðherra,  
Hanna Birna Kristjánsdóttir.


Í tengslum við svonefnt „lekamál“ komst þú fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis þriðjudaginn 10. desember 2013 vegna umfjöllunar nefndarinnar um varðveislu gagna í innanríkisráðuneyti þ.m.t. meðferð trúnaðargagna.

Málið hefur ítrekað verið tekið til umfjöllunar í þingsal. Þykir mörgum þingmönnum að þar hafi komið fram af þinni hálfu fullyrðingar sem ekki fá staðist og aðrar sem séu mótsagnakenndar.

Innan stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar hafa komið fram óskir um að þú komir á fund nefndarinnar til að gera grein fyrir sýn þinni á þetta mál og svara spurningum nefndarmanna um framgöngu þína.

Með þessu bréfi er þér boðið að mæta á fund nefndarinnar í framangreindum tilgangi. Mælst er til þess að þú gerir nefndinni skriflega grein fyrir því hvort þú hyggist verða við þessum óskum. Gera má ráð fyrir að fundurinn yrði opinn og sjónvarpað í samræmi við reglur þingskapa þar um.

Fyrir hönd stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis,



---

Ögmundur Jónasson, formaður.